



Fréttatilkynning  
28 March 2025 15:45:00 GMT

## Skráningu á aðalfund Íslandsbanka lýkur sunnudaginn 30. mars klukkan 16:00

Aðalfundar Íslandsbanka hf. verður haldinn mánudaginn 31. mars 2025, kl. 16:00, í fundarsalnum Háteig á Hótel Reykjavík Grand, Sigtúni 28, 105 Reykjavík. Jafnframt er gefinn kostur á rafrænni þátttöku á fundinum. Atkvæðagreiðsla á fundinum mun alfarið fara fram rafrænt, óháð því hvort hluthafar mæta á fundarstað eða taka þátt rafrænt. Fundurinn fer fram á íslensku, en boðið verður upp á túlkapjónustu á ensku.

Til þess að hægt sé að tryggja tímanlega úrvinnslu á beiðnum hluthafa um aðgangsupplýsingar eru hluthafar eða umboðsmenn hluthafa sem hafa hug á því að sækja fundinn, hvort sem er rafrænt eða á staðnum, beðnir um að skrá sig á heimasíðunni <https://www.lumiconnect.com/meeting/islandsbankiagm2025>, eigi síðar en kl. 16:00 þann 30. mars, eða degi fyrir fundardag. Með innskráningu þarf að fylgja mynd af skilríkjum og umboð, ef við á. Sama gildir ef hluthafar vilja leggja fram skriflegar spurningar varðandi dagskrá eða framlögð skjöl sem þeir óska svara við á fundinum. Þær skulu sendar á netfangið [hluthafar@islandsbanki.is](mailto:hluthafar@islandsbanki.is).

Endanlegar tillögur, dagskrá, tillögur tilnefningarnefndar og önnur skjöl eru aðgengileg á vefsíðu bankans, [www.islandsbanki.is/hluthafafundir](http://www.islandsbanki.is/hluthafafundir).

### Frekari upplýsingar veita:

Fjárfestatengsl - Bjarney Anna Bjarnadóttir, [ir@islandsbanki.is](mailto:ir@islandsbanki.is)

Samskiptastjóri - Edda Hermannsdóttir, [pr@islandsbanki.is](mailto:pr@islandsbanki.is)

### Viðhengi

[Skráningu á aðalfund Íslandsbanka lýkur sunnudaginn 30. mars klukkan 16:00](#)